



---

# Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 2. október 2019



## **Fimmti fundur 62. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 2. október 2019 kl.12.00.**

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Kristín Þórðardóttir og Páll Þórólfsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Daði Hafþórsson, Inga Lilja Lárusdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Magnús Karl Daníelsson og Reynir Stefánsson

Fjarverandi: Engin

### **Þetta gerðist:**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 8 mánaða uppgjör  
AÞ kynnti 8 mánaða uppgjör.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
  - a. A landslið kvenna  
RG fór yfir ferðina til Króatíu sem og leikinn við Frakkland. Leikirnir voru sem svart og hvítt en næg vinna er framundan. Ljóst er að það þarf að fara vel yfir líkamlega þáttinn og þarf HSÍ að leiða þá umræðu.
  - b. Þjálfarar yngri landsliða  
RG kynnti stöðu á ráðningum á yngri landsliðs þjálfurum en búið er að ganga frá öllum ráðningum og verður gengið frá samningum í næstu viku.
4. Stöðuskýrsla nefnda  
PP fór yfir starf landsliðsnefndar karla og hver staðan væri. Nefndin er mönnuð og búin að funda og starfið að komast í gang. KP fór yfir starf mótanefndar en það er í fullum gangi og gengur vel. GG fór yfir starf landsliðsnefndar kvenna en það er í góðum gangi.
5. Verkefni A landsliðs karla í desember  
Við erum með boð frá Kuwait um að koma leika 2 leiki í desember á milli jóla og nýárs. Þeir munu greiða fyrir sig sjálfir. Við höfum þegið boðið.
6. Starfsmannamál skrifstofu HSÍ  
Alfreð hættir sem mótastjóri um næstu mánaðarmót en verður áfram í hlutastarfi. Ráða þarf mann inn á skrifstofuna í mótamál sem og fræðslu og útbreiðslu. RG og DG fá umboð til að ganga frá ráðningu.
7. RÚV samningur  
Samningsdrög liggja á borðinu frá RÚV varðandi landslið og bikar. RG fær umboð til að ganga frá samning við RÚV.
8. Önnur mál

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 6. nóvember kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.



Róbert Geir Gíslason, fundarritari